

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 99. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 22. mars 2012 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Hitaveitan Stórutjörnum:
3. Breytingar á skrifstofu:
4. Lagning jarðstrengs frá Þeistareykjum – umsögn:
5. Félag húseigenda í Flatey - styrkbeiðni:
6. Umf. Bjarmi - styrkbeiðni:
7. Kvenfélagasamband Suður-Pingeyinga – styrkbeiðni:
8. Breyting/endurnýjun á rekstrarleyfi Fosshóli:
9. Breyting á rekstrarleyfi Rauðuskriðu 1:
10. Nordic-Baltic mobility programme:
11. Aðalfundur Lána sjóðs sveitarfélaga:
12. Samningur um búfjárefirlit:
13. Innkaupareglur fyrir Pingeyjarsveit:

#### *Til kynningar:*

- a) HNE – fundargerð 142. fundar:
- b) Stefnumótunarþing um öldrunarþjónustu í Pingeyjarsýslum:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Ásvaldur Þormóðsson, Ásta Svavarsdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Arnór Benónýsson auk sveitarstjóra.

Áður en fundur hófst kynnti sveitarstjóri bréf til oddvita þar sem hann óskaði eftir að láta af störfum af persónulegum ástæðum. Þakkaði hann sveitarstjórn samstarfið á liðnum árum og vék af fundi.

**1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að uppsögn sveitarstjóra yrði tekin fyrir undir 2. lið og aðrir liðir færast því neðar á dagskrána sem því nemur. Þá óskaði oddviti eftir að setja fundargerð Fræðslunefndar frá 20.03.12 á dagskrá undir 15. lið og erindi frá HSP undir 16. lið. Samþykkt samhljóða.

**2. Uppsögn sveitarstjóra:**

Sveitarstjórn samþykkir að fallast á uppsögn sveitarstjóra Tryggva Harðarsonar og að hann láti strax af störfum. Sveitarstjórn þakkar Tryggva fyrir samstarfið síðastliðin fjögur ár og óskar honum velfarnaðar til framtíðar.

Oddvita er falið að ganga frá samningi um starfslok.

Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn samþykkir að staðgengill sveitarstjóra, Dagbjört Jónsdóttir skrifstofustjóri, taki nú þegar við störfum sveitarstjóra Þingeyjarsveitar. Jafnframt felur sveitarstjórn oddvita og varaoddvita að ganga til samninga við Dagbjörtu um að hún taki að sér starf sveitarstjóra út kjörtímabilið.

Tillagan samþykkt með sex atkvæðum gegn einu.

Ásta Svavarsdóttir greiðir atkvæði á móti og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég tel eðlilegt að ábyrgðarstöður innan sveitarfélagsins séu auglýstar“.

Dagbjört mætti á fundinn eftir þennan lið og tók við ritun fundargerðar.

**3. Hitaveita Stórutjarna:**

Ingólfur Pétursson umsjónarmaður Hitaveitu mætti til fundarins undir þessum lið og skýrði frá kostnaðaráætlun og niðurstöðum rannsókna í tengslum við hitaveitulagnir milli loftskilju við Stóru-Tjarnir og Arnstapa.

Sveitarstjórn felur umsjónarmanni Hitaveitu að fá staðfestan vilja íbúa og sumarbústaðaeigenda á svæðinu fyrir framkvæmdinni miðað við fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun frá Verkfræðistofu Norðurlands ehf.

**4. Breytingar á skrifstofu:**

Bjarni Reykjalín skipulagsfulltrúi mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir kostnaðaráætlun varðandi tillögu að breytingum á skrifstofuhúsnæði sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna með fimm atkvæðum gegn einu, einn sat hjá.

Árni Pétur Hilmarsson sat hjá. Ásta Svavarsdóttir var á móti og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Með tilliti til þess að Þingeyjarsveit á ekki nema tæpan helming í því húsnæði sem notað er undir skrifstofu er óskynsamlegt að gera sér þann hluta sem ekki er eignarhluti nauðsynlegri og verðmætari. Það getur einungis endað með hærri leigu eða kaupum á hlutum.“

Sveitarfélagið á nú þegar vannýtt húsnæði m.a. Iðjugerði og Víðigerði. Þar sem hugmyndir eru upp um að flytja leikskólann að Barnaborg yfir í Hafralækjarskóla er enn eitt húsnæðið sem sveitarfélagið á að fullu að losna. Það húsnæði myndi nýtast mjög vel undir skrifstofuhúsnæði, svo eitthvað sér nefnt.“

**5. Lagning jarðstrengs frá Þeistareykjum – umsögn:**

Tekin fyrir umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun varðandi lagningu jarðstrengs meðfram virkjanavegi á milli Þeistareykja og Húsavíkur. Skipulagsfulltrúi lagði fram drög að umsögn þar

sem fram kemur að umrædd framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum umfram þau skipulagsákvæði sem fram koma í skipulagsáætlunum Þingeyjarsveitar og með vísan til þeirra laga sem tilgreind eru í bréfi Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn samþykkti umsögnina.

**6. Félag húseigenda í Flatey - styrkbeiðni:**

Tekið fyrir erindi Félags húseigenda í Flatey þar sem óskað er eftir styrk til greiðslu fasteignagjalda af samkomuhúsinu í Flatey. Samþykkt að verða við erindinu.

**7. Umf. Bjarmi - styrkbeiðni:**

Tekið fyrir erindi Ungmennafélagsins Bjarma þar sem óskað er eftir styrk til greiðslu fasteignagjalda af vallahúsi og íþróttavelli félagsins. Samþykkt að verða við erindinu.

**8. Kvenfélagasamband Suður-Þingeyinga – styrkbeiðni:**

Tekið fyrir erindi Kvenfélagssambands Suður-Þingeyinga þar sem óskað er eftir styrk til greiðslu fasteignagjalda af Húsmæðraskólanum á Laugum, þ.e. þeim hluta sem er í eigu Kv.S.Þ. Samþykkt að verða við erindinu.

**9. Breyting/endurnýjun á rekstrarleyfi Fosshóli:**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Húsavík um endurnýjun/breytingu á rekstrarleyfi fyrir Fosshól. Leyfishafi verður Gestur Helgason í stað Hólmsfríðar Eiríksdóttur. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við erindið.

**10. Breyting á rekstrarleyfi Rauðuskriðu 1:**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Húsavík um breytingu á rekstrarleyfi fyrir Rauðuskriðu 1. Leyfishafi verður Harald Ragnar Jóhannesson í stað Jóhannesar M. Haraldssonar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við erindið.

**11. Nordic-Baltic mobility programme:**

Lögð fram ósk frá Viimsi-bæ í Eistlandi um samstarf á grundvelli Nordic-Baltic mobility programme með áherslu á umhverfismál, endurnýjanlega orkugjafa og sjálfbærni á héraðsvísu. Samstarfið er styrkhæft og óskað eftir að Þingeyjarsveit ásamt Röðovre í Danmörku og Viimsi í Eistlandi standi saman að verkefninu. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

**12. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga:**

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2012 verður haldinn föstudaginn 23. mars. Samþykkt að Arnór Benónýsson fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

**13. Samningur um búfjárefirlit:**

Lagður fram samningur til samþykktar um búfjárefirlit milli Búnaðarsambands Suður-Pingeyinga annars vegar og Búfjárefirlitsnefndar Pingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps hins vegar.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn.

**14. Innkaupareglur fyrir Pingeyjarsveit:**

Lögð fram drög að innkaupareglum fyrir Pingeyjarsveit.

Sveitarstjórn samþykkir drögin með áorðnum breytingum.

**15. Fundargerð Fræðslunefndar frá 20.03.12:**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 20.03.12. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og felur skiplagsfulltrúa að koma með hugmyndir og gera kostnaðaráætlun við að flytja leikskóladeildina Barnaborg yfir í Hafralækjarskóla eins og lagt er til í fundargerðinni.

**16. Erindi frá HSP – 4. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2014**

Lagt fram erindi frá HSP þar sem leitað er eftir samþykki og samstarfi við sveitarfélögin á sambandssvæðinu vegna umsóknar HSP um að halda 4. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2014.

Sveitarstjórn styður umsóknina.

**Til kynningar:****a) HNE – fundargerð 142. fundar:**

Lögð fram.

**b) Stefnumótunarþing um öldrunarþjónustu í Pingeyjarsýslum:**

Kynnt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45

---

Ólína Arnkelsdóttir

---

Arnór Benónýsson

---

Ásvaldur Þormóðsson

---

Ásta Svavarsdóttir

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Árni Pétur Hilmarsson

---

Margrét Bjarnadóttir